

Bæjarstjórn - 401

FUNDARBOÐ

401. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. ágúst 2021 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2106004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 15**
Lögð fram fundargerð 15. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 2. 2107002F - Bæjarráð - 629**
Lögð fram fundargerð 629. fundar bæjarráðs.
- 3. 2108003F - Bæjarráð - 630**
Lögð fram fundargerð 630. fundar bæjarráðs.
- 4. 2107001F - Skipulags- og bygginganefnd - 253**
Lögð fram fundargerð 253. fundar skipulags- og bygginganefndar.
- 5. 2108001F - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd - 55**
Lögð fram 55. fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 6. 2006036 - Kosning í kjörstjórn**
Bæjarráð samþykkti á 615. fundi sínum að tilnefna Guðrún Gunnlaugsdóttir og Maríu Ölmú Valdímarsdóttur sem varamenn vegna ófyrirséðra forfalla í kjörstjórn, en samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, kveður kjörstjórn sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að kjörstjórn sé fullskipuð sé hún ekki fullskipuð með aðal- og varamönnum. Bæjarráð vísar endanlegu kjöri kjörstjórnar vegna úrsagnar úr kjörstjórn til afgreiðslu í bæjarstjórn.
- 7. 2105008 - Tillaga um íbúakosningu vegna útsýnisstaðar í Súgandisey**
Theódóra Matthíasdóttir óskar eftir því að afgreiðsla bæjarráðs um tillögu að íbúakosningu vegna útsýnisstaðar í Súgandisey verði tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Á 627. fundi bæjarráðs var lögð fram tillaga frá Okkar Stykkishólmi þar sem lagt var til að gerð yrði skoðanakönnun eða íbúakosning um fyrirhugaðan útsýnisstað í Súgandisey,

Fjöreggið.

Formaður bæjarráðs lagði fram breytingartillögu þar sem talið var að vegna COVID-19 hafi hugsanlega skort á upplýsingagjöf til íbúa vegna verkefnisins og var bærarstjóra því falið að vekja aftur athygli á verkefninu á heimasíðu bæjarins og þeirri málsmeðferð sem það hefur fengið á vegum bæjarins. Jafnframt var minnt á í breytingartillögunni að bærarstjórn samþykkti samhljóða vorið 2019 að fela bærarstjóra að vinna áfram að því að setja útsýnispall á þessum stað þar sem nú er fyrirhugað að setja Fjöregg í samræmi við tillögu umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Hefur verkefnið verið í vinnslu frá þeim tíma og fengið tvisvar styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða, samtals nærri 30 millj. kr. styrk til verkefnisins, verið einróma samþykkt í bærarstjórn og bæjarráði þegar verkefnið hefur komið til afgreiðslu og verið á dagskrá fastanefnda sveitarfélagsins margsinnis á þessum tíma þar sem tekið hefur verið jákvætt í verkefnið eða engar athugasemdir gerðar, þ.m.t. umhverfis- og náttúruverndarnefnd, skipulags- og byggingarnefnd og safna- og menningarmálanefnd. Í þessum nefndum sitja, ásamt aðal- og varamönnum í bærarstjórn, um 50 íbúar í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkti breytingartillöguna samhljóða.

8. 1912004 - Fundaráætlun bærarstjórnar og bæjarráðs

Fundaráætlun bærarstjórnar og bæjarráðs framlögð.

9. 1808022 - Minnispunktar bærarstjóra

Framlagðir minnispunktar bærarstjóra.

24.08.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri.